

Skógarkerfill við Eyjafjörð

Um skógarkerfil

Skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris* (L.) Hoffm.) á heimkynni í Asíu og Evrópu en er víða talin slæðingur og ágeng tegund. Hann barst hingað til lands upp úr aldamótunum 1900 og er fyrst skráður á Akureyri 1927. Hann var upphaflega fluttur til landsins sem skrautplanta en upp úr miðri síðustu öld var hann orðinn nokkuð útbreiddur um allt land og finnst nú í öllum landshlutum. Sennilega hefur hann náð mestri útbreiðslu við Eyjafjörð en einnig á suðvesturlandi. Útbreiðsla hans tengist frjósömu (og fremur röku) landi, og leggur hann víða undir sig gömul aflögð tún, lúpínubreiður og vegakanta (Skýrsla til umhverfisráðherra 2010). Aukin útbreiðsla á seinni árum hefur helst verið talin tengjast hlýnandi veðurfari og minnkandi beit.

Skógarkerfill er sveipjurt og skyldur til dæmis hvönn og kúmeni. Blómin eru hvít, venjulega 8-16 saman í smásveipum sem skipa sér saman í stórsveipi. Skógarkerfillinn er hávaxinn, og getur nálgast tveggja metra hæð. Hann virðist þrífast best í frjósömum jarðvegi, einkum köfnunarefnisríkum, eins og til dæmis þeim sem lúpínan myndar. Vegna hæðar og þéttar laufþekju þrífst nær enginn gróður undir honum og þegar honum er eytt stendur oftast eftir moldarflag. Hann hefur því neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Ekki eru þekkt dæmi um að skógarkerfill hörfi hér á landi fyrir öðrum gróðri. Lífslengd skógarkerfils er breytileg (einær, tvíær, fjölær) en venjulega deyr plantan að lokinni blómstrun. Hann fjölgar sér með fræjum og með rötarskotum. Sé hann sleginn deyr aðalrótin en hliðarrætur taka við. Fræin eru fremur skammlíf. Spánarkerfli (*Myrrhis odorata* (L.) Scop.) svipar til skógarkerfils, en hann er með ljósari blaðlit og anísbragð í stilkum.

Skógarkerfill hefur lítið verið rannsakaður á Íslandi. Vegna áhrifa sinna á líffræðilega fjölbreytni er ræktun hans bönnuð ofan 500 m hæðarmarka, en hann hefur lítið dreifst ofan þeirra marka. Ennfremur er dreifing hans óheimil á friðlýstum svæðum og á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar. Þrjár leiðir koma til greina í baráttunni við dreifingu skógarkerfils, beit, sláttur og úðun. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á áhrifum beitar, en vitað er að skepnur, að minnsta kosti sauðfé og hross, bíta hann sem nýgræðing snemma sumars, en ekki þegar hann þroskast. Reynsla af slætti er mismunandi, sennilega vegna þess að sláttutíminn skiptir máli (Hanson 1994). Þótt slegið sé fyrir fræmyndun og aðalsprotinn eyðileggist getur skógarkerfillinn þétt sig vegna þess að upp vaxa nýjar plöntur af hliðarsprotum rötarinnar. Úðun með glyphosate (sem er virka efnið í eyðunum Roundup og Clinic) hefur gefið góða raun og drepur nánast allar vaxnar plöntur. Fræið lifir samt úðunin af þannig að nauðsynlegt getur verið að úða fleiri en eitt ár í röð.

Heimildir:

Hansson ML & Persson TS 1994. *Anthiscus sylvestris* – a growing conservation problem. *Annales Botanici Fennici* 31, 205-213.

Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins 2010. Alaskalúpína og skógarkerfill á Íslandi. Útbreiðsla, varnir og nýting. Skýrsla til umhverfisráðherra. 30 bls.